

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/06

frá 12. febrúar 2001

um fjórðu breytingu á ákvörðun 93/74/EBE um viðurkenningu Danmerkur með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 349)

(2001/139/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta, að því er eitt eða fleiri svæði varðar, öðlast stöðu viðurkennds svæðis sem er laust við iðradrep [α: smitandi blóðmyndandi frumudauða] (IHN) og/eða veirublæðingu [α: bakteríu-blóðeitrun] (VHS).
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/74/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 1999/489/EB ⁽⁴⁾, öðlaðist Danmörk stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og að hluta til stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til veirublæðingar.
- 3) Einungis er unnt að viðurkenna svæði sem standast kröfur 5. gr. tilskipunar 91/67/EBE.
- 4) Danmörk hefur tilkynnt um uppkomu veirublæðingar á viðurkennda vatnsöflunarsvæðinu Fiskebæk Á. Dýraheilbrigðis- og matvælaráð Danmerkur (Fødevaredirektoratet) felldi þegar í stað úr gildi á landsvísu viðurkenningu þessa vatnsöflunarsvæðis.
- 5) Þetta svæði stenst ekki lengur kröfur 5. gr. tilskipunar 91/67/EBE með tilliti til veirublæðingar.
- 6) Með tilliti til veirublæðingar skal Fiskebæk Á felld brott úr skránni yfir viðurkennd svæði, sem kveðið er á um í viðaukanum við ákvörðun 93/74/EBE.

- 7) Þegar ákvörðun 93/74/EBE var breytt í fyrsta og annað sinn voru vatnsöflunarsvæðin Bygholm Á og Grejs Á (ákvörðun 94/450/EB ⁽⁵⁾), auk Ørum Á (ákvörðun 96/218/EB ⁽⁶⁾), viðurkennd með tilliti til veirublæðingar.
- 8) Þegar ákvörðun 93/74/EBE (ákvörðun 1999/489/EB) var breytt í þriðja sinn voru þessi þrjú svæði ekki færð í skrána yfir viðurkennd svæði.
- 9) Svæðin Bygholm Á, Grejs Á og Ørum Á, sem þegar hafa verið viðurkennd, skulu færð í skrána yfir viðurkennd svæði í Danmörku, einnig með tilliti til veirublæðingar.
- 10) Ákvæði þessarar ákvörðunar eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 93/74/EBE.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 50, 21.2.2001, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 11.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 27, 4.2.1993, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 190, 23.7.1999, bls. 41.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 187, 22.7.1994, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 72, 21.3.1996, bls. 39.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR SVÆÐI Í DAMÖRKU SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR

- | | |
|----------------------|------------------------------|
| 1. Hansted Å | 23. Lindenberg Å |
| 2. Slette Å | 24. Fåremølle Å |
| 3. Hovmølle Å | 25. Øster Å |
| 4. Bredkær Bæk | 26. Flynder Å |
| 5. Grenå | 27. Hasseri Å |
| 6. Vandløb til Kilen | 28. Damhus Å |
| 7. Treå | 29. Binderup Å |
| 8. Resenkær Å | 30. Karup Å |
| 9. Alling Å | 31. Vidkær Å |
| 10. Klostermølle Å | 32. Gudenåen |
| 11. Kastbjerg | 33. Dybvad Å |
| 12. Hvidbjerg Å | 34. Halkær Å |
| 13. Villestrup Å | 35. Bjørnsholm Å |
| 14. Knidals Å | 36. Storåen |
| 15. Karup Å | 37. Trend Å |
| 16. Spang Å | 38. Århus Å |
| 17. Sæby Å | 39. Lerkenfeld Å |
| 18. Simsted Å | 40. Bygholm Å |
| 19. Elling Å | 41. Vester Å |
| 20. Skals Å | 42. Grejs Å |
| 21. Uggerby Å | 43. Lønnerup ásamt aðrennsli |
| 22. Jordbro Å | 44. Ørum Å |
-